

Nd.

616. Nefndarálit

[266. mál]

um frv. til laga um fjáröflun til landhelgisgæslu og fiskverndar, ríkisfjármál og fjármögnun orkuframkvæmda sveitarfélaga.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Sameiginlegir fundir fjárhags- og viðskiptanefndar beggja þingdeilda hafa verið haldnir um frumvarpið.

Til funda við nefndirnar hafa komið fulltrúar frá eftirtöldum aðilum og gert grein fyrir viðhorfum sínum til málsins og veitt ýmsar upplýsingar: ráðuneytisstjórar fjármálaráðuneytis og dómsmálaráðuneytis, sjávarútvegsráðherra, fulltrúar frá Alþýðusambandi Íslands, B.S.R.B., Vinnuveitendasambandi og Verslunarráði og Þjóðhagsstofnun.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hlutinn, undirritaðir nefndarmenn, leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeirri breytingartillögu sem nefndin stendur öll að og flutt er á sérstöku þingskjali.

Minni hlutinn, fulltrúar stjórnarandstöðunnar, skilar séráliti og flytur breytingartillögur.

Alþingi, 4. maí 1976.

Ólafur G. Einarsson,
form., frsm.

Lárus Jónsson,
fundaskr.

Tómas Árnason.

Sverrir Bergmann.

Ólafur B. Óskarsson.